

## Fundargerð 3. fundar stýrihóps um endurskoðun skólastefnu

Fundardagur: 19. febrúar 2015.  
Fundarupphaf: Kl. 13.  
Staðsetning: Bæjarráðssalur, Strandgötu 6.

Mætt: Kjörnir fulltrúar fræðsluráðs, þeir Hörður Svavarsson og Kristinn Andersen, auk starfsmanna fræðsluþjónustunnar, þau Magnús Baldursson sviðsstjóri, Jenný D. Gunnarsdóttir þróunarfulltrúi leikskóla og Vigfús Hallgrímsson þróunarfulltrúi grunnskóla. Elva Dögg Ásudóttir Kristinsdóttir boðaði forföll á fundinn.

Mál sem voru rædd á fundinum:

### 1. mál: **Tillaga að bréfi og vinnutilhögun til fræðsluráðs.**

Farið yfir drög að bréfi til hagsmunaaðila frá stýrihópnum og lokið gerð þess. Bréfið verði sent út sem fyrst eftir næsta fræðsluráðsfund og lagt þar fram. Bréfið fari einnig með frétt á vef bæjarins eftir það sem opið öllum til að gera ábendingar (Vigfús annast).

Farið yfir drög að bréfi til fræðsluráðs vegna vinnutilhögunar við endurskoðunina og gerð þess lokið. Sent til fræðsluráðs og tekið fyrir á fundi næsta mánudag. Magnús ber ábyrgð á að koma bréfinu út.

### 3. mál: **Önnur mál.**

Önnur mál voru ekki rædd á fundinum.

Næsti fundur stýrihópsins var ekki ákveðinn.

Fundarslit kl. 14.20.

Ritun fundargerðar: Vigfús Hallgrímsson